

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess. Reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.

Erlend móti

Skráning á erlend móti:

BFSÍ skal halda úti skráningu á vefsíðu sambandsins þar sem keppendur geta skráð áhuga sinn á að keppa á kvótamótum fyrir hönd Íslands.

Þeir keppendur sem skrá sig á erlend kvótamót eftir forskráningar frest mótsins (preliminary entry deadline) skulu borga 10.000.kr aukalega. Þessi upphæð er til þess að mæta sektum heims- og evrópusambands vegna skráningafresta.

BFSÍ tekur ekki við skráningum á erlend kvótamót 1 viku fyrir loka skráningar frest (Final entry deadline)

Hlutgengi keppenda á erlend móti:

Allir í félögum innan BFSÍ mega lýsa yfir áhuga sínum eftir að keppa á erlendum móti á vegum BFSÍ. Þáttakendur á erlendum móti þurfa að vera skuldrausir við BFSÍ. Í sérstökum tilfellum getur íþróttastjóri meinað keppanda að fara á móti, en til þess þarf hann samþykki meirihluta stjórnar BFSÍ.

Val keppenda á erlend móti utanhúss:

Sá keppandi sem var með hæsta skor í undankeppni á Íslandsmóti utanhúss árið áður hefur forgang á kvótasæti á erlend utandyra móti.

Til þess að notfæra sér þann forgang þarf keppandi að skrá sig á viðkomandi kvótamót á vefsíðu BFSÍ 5 mánuðum áður en kvótamótið hefst. Eftir þann tíma rennur kvótasætið til næst hæsta keppanda í skori af Íslandsmóti utanhúss árið áður sem skráði sig fyrir frestinn og svo framvegis þar til öll kvótasæti hafa verið fyllt.

Val keppenda á EM innanhúss:

Haldið er sér úrtökumót til að velja landsliðið á EM innandyra annað hvert ár. Úrtökumótið er almennt haldið í byrjun Október árið áður en EM innandyra er haldið.

Þrí efstu í undankeppni á því móti eru landsliðið, þeir verða að staðfesta sæti sín innan 14 daga frá lokum úrtökumótsins. Ef einn af 3 efstu forfallast eða getur ekki nýtt sætið fær sá sem var í 4 sæti í undankeppni á undankeppnismótinu sætið o.s.frv. þar til liðið er fullskipað.

Styrkir:

Aðeins keppendur sem keppa á viðeigandi úrtökumóti geta fengið styrki vegna þátttöku með landsliði á erlendum móti og æfingarbúðum/æfingum landsliðs.

(tilgangur reglurnar er að besta íþróttafólkið hafi forgang á sæti á kvótamót, en þegar nær dregur móti er orðið aðkallandi að ljúka við skipan liðsins. Aðeins er 1 kvótamóta innandyra og því er sérstakt úrtökumót fyrir það móti)

Greiðsla gjalda:

Greiða þarf öll gjöld á erlend móti fyrir frestinn sem gefinn er upp í upplýsinga tölvupósti til keppenda vegna mótsins. Öll gjöld sem greidd eru til BFSÍ vegna erlendra móta eru óendurgreiðanlega og verða ekki að inneign keppanda.

Framhalds-keppnirsréttur:

Keppendur sem vinna sér inn framhalds keppnirsrétt fyrir Íslands hönd á móti, t.d. Ólympíuleika, Evrópileika os.frv., eiga fyrstir réttinn á að nota sér það sæti.

Ef keppandinn getur ekki notað framhalds keppnirsrétt, eða forfallast á annan veg, rennur þessi keppnirsréttur til:

1. Þess sem var með hæsta skor í undankeppni á því móti sem framhalds keppnirsréttur var unninn. Ef sá getur ekki notað réttinn rennur það til næsta hæsta af því móti, o.s.frv. þar til rétturinn er nýttur.
2. Ef rétturinn rennur ekki út skv. Lið 1 rennur rétturinn til þess sem var með hæsta skor í undankeppni á fyrra undankeppnismóti um framhalds keppnirsrétt, ef slíkt móti var haldið. Ef sá getur ekki notað réttinn rennur það til næsta hæsta af því móti, o.s.frv. þar til rétturinn er nýttur.
3. Ef enginn ofangreindra getur nýtt sér keppnirsréttinn sér BFSÍ um val keppanda sem getur notað keppnirsréttinn.

Ef margir keppendur vinna einstaklingssæti á sá sætið sem var með hæsta skor í undankeppni á mótinu þar sem keppnirsréttur vannst.

(tilgangur reglunar er að vera með sanngjarn og gengsætt kerfi þar sem að sá sem vinnur sæti fær fyrsta rétt til þess að nota það og þeir sem reyndu að ná sæti á mikilvæg móti séu næstir í röðinni ef fyrsti getur ekki notað sætið)

Sérstök boðssæti (Wild card).

Úthlutun á sérstökum boðssætum (wild card) á t.d. Ólympíuleika, Evrópileika eða slíkt fer eftir reglum mótsins sem um ræðir.

Ef upp kemur að BFSÍ þarf að velja milli keppenda frá Íslandi til að skipa sérstök boðssæti er valið á sama eftir skori úr undankeppni íslandsmóts utanhúss árið áður. Hæstur í skori á fyrstur réttinn, ef hann getur ekki nýtt sætið eða forfallast fær 2 hæsti réttinn og svo framvegis þar til boðssætið (wild card) hefur verið skipað.

Keppandinn verður að staðfesta að hann mun nota wild card sætið innan þess tímaramma sem BFSÍ setur upp í tilkynningu til hans. Ef keppandinn staðfestir ekki sætið innan þess tíma rennur sætið til næsta í röðinni.

Aðeins þeir keppendur sem kepptu um keppnirsrétt á mótinu sem gaf wild card geta fengið wild card sæti.

(Veður aðstæður á mótum geta verið mismunandi, þess vegna er íslandsmótið notað til þess að velja hver fær sérstaka boðssætið. Þar sem allir keppendur hafa keppt þar á jöfnum grundvelli.)

Keppni hætt eða ekki komið til leiks:

Ef að keppandi kemur ekki til leiks og tilkynnir ekki forföll eða hættir keppni, án gildrar ástæðu, verður viðkomandi settur í keppnisbann frá landsliði eða úr öllu starfi samkvæmt mati siðanefndar á alvarleika brotsins.

Ef íþróttafélag skráir íþróttamann á móti og sannanlegt er að það sé gert án samþykks viðkomandi, ber að dæma íþróttafélagið til refsingar. Refsingin skal vera tímabundið keppnisbann félagsins eða að minnsta kosti fjórfold upphæð þátttökugjalds mótsins.

Framkoma og ábyrgð á mótum:

- Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.

- Keppandi skal sýna dómurum, liðsstjórum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.
- Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem nafn, aldur, kyn og félag.
- Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu.
- Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð og má enginn ganga úr keppni án þess að tilkynna það liðsstjóra, dómarra og mótsþöldurum, þótt hann hafi lögleg forföll.
- Keppandi æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og bera mótsþaldarar því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

Mót fatlaðra:

Erlend mótt fatlaðra falla undir lögsögu Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF). Keppendur sem vilja taka þátt í móttum fatlaðra verða að gera það í gegnum ÍF. BFSÍ og ÍF skulu vera í góðu sambandi um þessi verkefni.

Liðsstjórar

Val liðsstjóra:

Íþróttastjóri velur liðsstjóra í landsliðsverkefni ef hann fer ekki sjálfur. BFSÍ greiðir flug, gistingu og gjöld tengd móti fyrir liðsstjóra/fararstjóra í landsliðsverkefni.

Vald og leyfi liðsstjóra:

Liðsstjórar eru fulltrúar BFSÍ á mótinu. Þeir hafa því sama vald á viðkomandi móti og formaður BFSÍ hefði þar. Þeir geta breytt uppsetningu liðs, geta skrifað undir breytingar fyrir hönd sambandsins tengt mótinu, uppfært keppendur í þjálfara, kært meint brot, geta vísað keppendum úr keppni, geta sent keppendur heim, o.sv.frv.

Störf og skyldur liðstjóra eru meðal annars eftirfarandi:

- Strax og komið er á keppnissvæði hafa samband við mótsþaldara
- Sjá til þess að greiðsla og uppgjör tengt mótinu sé í lagi svo að keppendur séu gildir, klára skráningu liðsins og sækja keppenda skírteini.
- Vera fulltrúi BFSÍ á mótinu og taka ákvarðanir tengdar mótinu fyrir sambandið.
- Fara á liðsstjóra fund og miðla upplýsingum sem farið er yfir þar til keppenda.
- Vera tengiliður mótsþaldara, dómarra og dómararáðs við keppendur.
- Fylgja liðinu í búnaðarskoðun.
- Sjá til þess að keppendur komist til og frá keppnisvellinum.
- Sjá um þjálfun afreksfólks á mótinu, ef keppendur óska eftir því.
- Taka á öllum öðrum vandamálum sem gætu komið upp og aðstoða keppendur við að leysa þau.
- Kæra meint brot sem hafa áhrif á íslenska keppendur til dómararáðs mótsins.
- Taka á siðamálum sem gætu komið upp á mótinu og gera grein fyrir þeim í liðsstjóra skýrslu svo að hægt sé að taka á þeim málum þegar komið er heim ef þarf.
- Skrifa liðsstjóraskýrslu um mótið. (Nægilegt er að email. Skýrslan þarf ekki að vera löng en þarf að taka fram atriði sem gætu verið hjálpleg fyrir BFSÍ, aðra liðsstjóra og/eða siðanefnd að vita um gang mótsins.)

Sjá nánar um skyldur liðsstjóra á móttum í WA reglubók 3